



Alþingi
Erindi nr. P 136/911
komudagur 23.2.2009

19. febrúar 2009
SI-49349

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 12. febrúar 2009, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, 289. mál, hækkuð endurgreiðsla vegna vinnu á byggingarstað.

Með frumvarpi þessu er lagt til að hlutfall endurgreiðslu virðisaukaskatts til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og vegna vinnu við endurbætur eða viðhald íbúðarhúsnæðis verði hækkað úr 60% í 100%. Ákvæðið er tímabundið og gildir frá 1. mars 2009 til 1. júlí 2010. Yfirlýst markmið með frumvarpinu er að efla starfsemi á byggingamarkaði, efla atvinnuástandið almennt og þar með draga úr atvinnuleysi í því efnahagsástandi sem nú ríkir.

Endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna nýbygginga, endurbóta og viðhalds íbúðarhúsnæðis hafa líklega numið samtals 3,2 milljörðum króna á síðastliðnu ári. Eftir mikla þenslu undanfarinna ára á byggingamarkaði er hins vegar spáð snörpum samdrætti í ár. Mikil óvissa er um jákvæð eftirspunarhrif þessarar lagabreytingar. Að gefinni spá Seðlabanka Íslands fyrir þetta og næsta ár um þróun fjárfestingar í íbúðarhúsnæði má gera ráð fyrir að endurgreiðsla á virðisaukaskatti gæti hækkað um 1,66 ma.kr. í ár og 850 m.kr. á því næsta eða um samtals rúma 2,5 ma.kr. á umræddu tímabili. Jafnvel að því gefnu að útgjöld vegna atvinnuleysis o.fl. minnki eitthvað á móti, vegna aukinnar byggingarstarfsemi, er óhjákvæmilegt að til niðurskurðar komi á öðrum sviðum til að mæta tekjutapi ríkissjóðs. Því aðeins að gripið sé til slíkrar aðgerðar samrýmast auknar undanþágur frá sköttum af þessu tagi því markmiði sem sett er í efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að verja afkomu ríkissjóðs á þessu ári og auka aðhald á því næsta.


SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Beinn ábati af lagabreytingunni liggur hjá húsnæðiseigendum og – kaupendum. Með því að lækka verð á þjónustu með þessum hætti er vonast til þess að ábati myndist hjá byggingarverktökum og iðnaðarmönnum með óbeinum hætti vegna aukinnar eftirspurnar eftir nýbyggingum, endurbótum og viðhaldi íbúðarhúsnæðis. Við núverandi aðstæður virðist hins vegar ólíklegt að lagabreytingin glæði fjárfestingu í íbúðarhúsnæði að einhverju marki. Húsnæðismarkaðurinn er nú í miklum samdrætti, eftir langt ofpensluskeið, sem leitt hefur til mikils offramboðs á íbúðarhúsnæði. Framboð lánsfjár til framkvæmda er einnig af skornum skammti. Stærstur hluti aukinna útgjalda vegna lagabreytingarinnar mun líklega koma til vegna aukinnar endurgreiðslu til eigenda íbúðarhúsnæðis vegna framkvæmda sem ráðist hefði verið í óháð lagabreytingunni. Því má álykta að beinn ábati verktaka og iðnaðarmanna af auknum endurgreiðslum yrði óverulegur, eins og endurspeglast í kostnaðarmati fjármálaráðuneytisins á lagabreytingunni. Eftirspurn eftir viðhaldi og viðgerðum á íbúðarhúsnæði kynni þó að aukast eitthvað.

Yfirlýst markmið skattalækkunarinnar er að efla starfsemi á byggingamarkaði og draga úr atvinnuleysi fremur en lækkun skatta. Bein eignamyndun ríkissjóðs er engin og arðsemi óljós þar sem hún liggur fyrst og fremst hjá íbúðareigendum. Í ljósi þess að bein áhrif á byggingarmarkaðinn yrðu að líkindum lítil miðað við tekjutap ríkissjóðs má spyrja hvort ekki megi leita annarra og skilvirkari leiða til að ná fram yfirlýstum markmiðum. Að ráðleggja ríkisstjórninni um slíkt er ekki á verkswiði Seðlabankans. Í ljósi afar þröngrar stöðu ríkissjóðs er hins vegar nauðsynlegt að gæta þess að aðgerðir til að örva byggingargeirann tefli ekki í tvísýnu þeim markmiðum um aðhald og sjálfbæra þróun ríkisfjármála sem sett eru fram í efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar


Eiríkur Guðnason
bankastjóri